

| | |
|---|-----------|
| 7. Kvarðar og málbönd: | |
| Lengd ½ m — 1 m | kr. 6.00 |
| Lengd stálmálbönd allt að 50 m | — 15.00 |
| Lengd mælivélar fyrir lengdarmál | — 20.00 |
| 8. Mælíker: | |
| Rúmtak 1 dl — 2 l | kr. 4.00 |
| Rúmtak 10 dl — 50 l | — 5.00 |
| Rúmtak vínmælar (veltím. og kúlum.) 3—6 cl | — 20.00 |
| 9. Rennslismælar fyrir olfur og bensín og bensínsölumælar: | |
| Rennslismælar | kr. 22.00 |
| Bensínsölumælar | — 15.00 |
| 10. Rennslismælar fyrir mjólk | kr. 22.00 |
| 2. gr. | |
| Vottorðagjald | kr. 10.00 |

3. gr.

Auk löggildingargjalda reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 10 9. janúar 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um
happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo:

Verð hlutamiða er kr. 30,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 360,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 324 30. júní 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júlí 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.